

Skólaráðsfundur 10. október 2024 kl. 8:10

Mættir; Björg Baldursdóttir skólastjóri, Heimir Eyvindarson skólastjóri, Ragnheiður Gísladóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara, Gunnar Karl Sigurðarson fulltrúi nemenda, Snorri S. Konráðsson fulltrúi starfsmanna, Helga Guðný Sigurðardóttir og Þórleif Kristín Hauksdóttir fulltrúar foreldra, Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri er fundarritari.

1. Fundaáætlun skólaráðs;

21. nóv kl. 17 á Teams

6. feb kl. 8:10

3. apr kl. 17 á Teams

22. maí kl. 17, opinn skólaráðsfundur á sal

Allar fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

2. Starfsáætlun Kársnesskóla 2024 – 2025

Engar athugasemdir varðandi áætlunina.

Fulltrúar ráðsins skrifa undir starfsáætlunina.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um fjölda skóladaga og hvort þeir séu mismargir á milli skóla. Í einhverjum skólum hafa skóladagar verið teknir tvöfaldir (foreldraviðtöl tekin eftir kennslu) en hér er það ekki venjan.

Skólastefnan er í vinnslu og nær vonandi inn í starfsáætlunina fyrr en seinna.

Starfsáætlun frístundar er tilbúin.

3. Önnur mál

Umræða um nýja skólabyggingu, framvindu framkvæmda, svansvottun, búnað og fleira.

Skólaárið fer vel af stað, 670 nemendur við skólann sem er svipað og sl. skólaár. Þrengslin eru enn til staðar, kennarar hafa ekki sínar stofur eða vinnuáðstöðu og róðurinn þyngist með hverju árinu. Starfsfólk sýnir mikla þrautseigju og æðruleysi í langvarandi erfiðum aðstæðum.

Rætt um fjölgun nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og hvernig gengur að taka á móti þeim.

Umræða um símamál, vísað í umræðu foreldrafélagsins um að sömu reglur gildi um alla nemendur varðandi símanotkun. Skólastjórnendur hafa ákveðið að taka þessa önn í að ræða þessi mál, í samráði við nemendur, starfsfólk og foreldra. Sem fyrsta skref var nemendum í 5. – 10. bekk boðið upp á fræðslu um netöryggi og algóritma og foreldrum sömuleiðis.

Í framhaldi rætt um fræðslu fyrir foreldra og hvernig gengur að auglýsa viðburði og ná foreldrum inn á slíka viðburði, en það er allur gangur á því hvaða tímasetningar henta fólki.

Hádegisverður, nemendur og starfsfólk er ánægðara með matseðilinn og matinn en áður og eitthvað hefur fjölgað nemendum sem borða eftir að skólamatúrin stendur öllum til boða án greiðslu.

Fundi slitið kl. 8:44.